

Föstudaginn 16. október 1992.

Nr. 387/1991. **Leó E. Löve**
gegn
tollstjóranum í Reykjavík.

Kærumál. Lögtaksgerð felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 24. september 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 6. sama mánaðar. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir mál þetta kærumeðferð eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst ómerkingar hinnar kærðu lögtaksgerðar og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hinnar kærðu lögtaksgerðar og málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

I.

Hinn 25. mars 1991 gerði Gylfi Gautur Pétursson, fulltrúi yfirborgarfógeta, lögtak í fógetarétti Reykjavíkur hjá sóknaraðila vegna ógreidds launaskatts fyrir árið 1987. Bókað var:

„Fyrir var tekið: Beiðni tollstjórans í Reykjavík um að endurupptaka lögtak hjá Leó E. Löve, 250348-2909, fyrir: launaskatti 1987, kr. 1.059.277,00 (LT-14.3. 1990), samtals kr. 1.059.277,00, auk dráttarvaxta og kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Fógeti leggur fram lögtaksbeiðni, rskj. nr. 1 (nr. 1 fylgir í ljósriti), en lögtaksúrskurður hefur verið kveðinn upp og birtur á lögmætan hátt.

Fyrir gerðarþola mætir Sigurður Aðalsteinsson, og skoraði fógeti á mætta að greiða umkrafin gjöld, en hann kveðst ekki geta greitt. Skoraði fógeti þá á mætta að benda á eignir gerðarþola til uppskriftar og lögtaks og brýnir fyrir mætta að segja satt og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Var þá bent á og skrifað upp: bifreiðin BD-171, Mercedes Benz, 220 SE, 1963, eign gerðarþola.

Samkvæmt beiðni lögmanns gerðarbeiðanda heimilar fógæti vörslusviptingu hins fjárnumda. Lögm. gerðarbeiðanda samþykkir, að gerðarþoli haldi hinu fjárnumda um stundarsakir.

Fógæti lýsti yfir því, að hann gerði lögtak í framangreindri bifreið gerðarþola til tryggingar framangreindum gjöldum auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, á fallins og áfallandi, að geymdum betra rétti þriðja manns.

Brýndi fógæti fyrir mætta að tilkynna gerðarþola lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögteknna á nokkurn þann hátt, er færri í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.“

Lögtaksbeiðni sú, sem lögð var fram í fógætaréttinum, var dagsett 28. mars 1990. Samkvæmt þeirri beiðni var lögtaksskuldin ásamt dráttarvöxtum og kostnaði 900.611 krónur, en strikað hafði verið yfir þá tölu og í staðinn skrifuð talan 1.059.277 krónur. Í lögtaksbeiðninni er þess ekki getið, að um endurupptöku máls sé að ræða, en á tveimur stöðum á bréfið hefur verið stimplað orðið „ENDUR-UPPTEKIÐ“.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit lögtaksgerðar, sem sögð er hafa farið fram hjá sóknaraðila 14. mars 1990. Var þar gert lögtak fyrir ógreiddum launaskatti fyrir árið 1987, 775.975 krónum. Gerðarþoli var ekki mættur, en fyrir hann mætti að tilhlutan fógæta Sigurður Aðalsteinsson. Fógæti lýsti yfir lögtaki í bifreiðinni FD-915, G-888, Mercedes Benz, árgerð 1977. Eftir að lögtak þetta hafði farið fram, kom í ljós, að framangreind bifreið var ekki eign gerðarþola.

II.

Sóknaraðili heldur því fram, að lögtaksrétturinn hafi verið fyrndur, þegar hin kærða lögtaksgerð fór fram 25. mars 1991. Um hafi verið að ræða launaskatt vegna ársins 1987 og dráttarvexti frá gjalddögum, sem voru 15. dag mánaðanna mars, maí, júlí, september og nóvember 1987 og janúar 1988 með eindögum mánuði síðar. Dráttarvextir séu reiknaðir af hverri fjárhæð fyrir sig, og dráttarvaxtareikningurinn miðist við fyrrgreinda gjalddaga, svo að elsta skuldin hafi verið meira en fjögurra ára gömul, þegar hin kærða lögtaksgerð fór fram, en sú yngsta meira en þriggja ára.

Sóknaraðili telur, að lögtaksrétturinn hafi einnig verið fyrndur, þegar lögtakið 14. mars 1990 var gert, þar sem yngsta gjaldið, sem lögtaks var krafist fyrir, var með gjalddaga 15. janúar 1988, rúmum tveimur árum fyrir lögtaksgerðina.

Varnaraðili reisir kröfu sína á því, að lögtaksrétturinn hafi ekki verið fyrndur í mars 1991, þar sem tveggja ára frestinum samkvæmt 2. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, sbr. 1. gr. laga nr. 83/1947, hafi verið slitið með lögtaksgerð þeirri, sem fram fór til tryggingar skuldinni 14. mars 1990. Álagningardagur skattkröfunnar hafi verið 21. júlí 1988, og miða verði upphaf fyrningarfrests á lögtaksréttinum við þann dag.

III.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 29/1885, sbr. 1. gr. laga nr. 83/1947, helst lögtaksréttur, þangað til tvö ár eru liðin frá gjalddaga kröfu. Nóg er, að lögtaksgerð sé byrjuð innan frestsins, enda sé lögtakinu haldið áfram með hæfilegum hraða. Séu gjalddagar kröfu fleiri en einn, skal telja frestinn frá síðari eða síðasta gjalddaga. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 115/1989, skulu launagreiðendur ótilkvaddir greiða launaskatt innheimtumanni ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra, og eru gjalddagar sex, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 151/1986. Hinn 15. apríl 1987 voru lagðir á dráttarvextir fyrir fyrsta tímabil launaskattsins 1987 og 15. febrúar 1988 fyrir hið síðasta tímabil. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 29/1885 ber að miða fyrningarfrestinn við síðasta gjalddagann, sem var samkvæmt þessu 15. febrúar 1988. Lögtaksrétturinn var því fyrndur, er hin umræddu lögtök voru gerð. Ber þegar af þeirri ástæðu að ómerkja hina kærðu lögtaksgerð.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðila 25.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hin kærða lögtaksgerð er úr gildi felld.

Varnaraðili, tollstjórinn í Reykjavík, greiði sóknaraðila, Leó E. Löve, 25.000 krónur í kærumálskostnað.